

Yfirskrift:	Stjórnarfundur Félags forstöðumanna ríkisstofnana			
Stjórnarfundur	Dagsetning:	31. mars 2025	Tími:	12:00 – 13:30
Fundarstaður:	Guðrúnartúni 1 og Teams			
Fundarstjóri:	HP			
Ritari:	AS			
Á fundinn mættu:	Arnór Snæbjörnsson (AS), Ágúst Hjörtur Ingþórsson (ÁHI), Helga Þórisdóttir (HP), Hildur Ragnars (HR), Ingibjörg Jóhannsdóttir (IJ), Magnús Ingvason (MI), Sigríður Kristinsdóttir (SK) og Anna Hermansdóttir (AH), framkvæmdastjóri félagsins			
Fjarverandi::				

Fundargerð stjórnarfundar FFR 31. mars 2025

1. Fundargerð stjórnarfundar 10. mars 2025

Fundargerð stjórnarfundar 10. mars síðastliðinn var samþykkt.

2. Álitsgerðir um réttarstöðu forstöðumanna

Drög að bréfi FFR til FJR um helstu niðurstöður álitsgerða dr. Hafsteins Dan Kristjánssonar, prófessors, um réttarstöðu forstöðumanna, var samþykkt. Efni bréfsins verður kynnt fyrir KMR á samráðsfundi síðar í dag og bréfið síðan sent til félagsmanna í kjölfarið.

3. Aðalfundur og málstofa

Umræður um skipulag aðalfundar og mögulegan fundarstjóra. Framboð til stjórnar liggja fyrir og mun kjörnefnd annast kynningu á lista yfir frambjóðendum. Einnig rætt um efni málstofu sem haldin verður áður en hefðbundin aðalfundarstörf hefjast.

4. Samráð FFR og KMR

Meðal þess sem FFR hyggst ræða á næsta samráðfundi er eftirfarandi:

- Álitsgerðirnar fjórar sem dr. Hafsteinn Dan Kristjánsson, prófessor, ritaði fyrir félagið, ásamt bréfi því sem nefnt var hér að framan undir lið 2.
- Réttarstaða forstöðumanna við niðurlagningu/sameiningu stofnana.
- Breyting/hækkun á launatöflu forstöðumanna.
- Könnun á líðan og starfsumhverfi forstöðumanna.
- Umbótahópur forstöðumanna.

5. Öryggismál forstöðumanna

Lagt fram bréf FFR dags. 25. mars 2025 til dómsmálaráðherra og ráðuneytisstjóra dómsmálaráðuneytis um öryggismál forstöðumanna. Ákveðið að fylgja bréfinu eftir og óska eftir fundi með ráðuneytisstjóra.

6. Önnur mál

- a. Starfshópur fjármálaráðherra um launafyrirkomulag forstöðumanna hefur óskað eftir fundi með fulltrúum FFR en hópurinn stefnir á að ljúka störfum með vorinu. HP, SK, ÁHI og AH munu sækja fundinn f.h. stjórnar.
- b. Frumvörp um sýslumann til umsagnar:
 - Til umsagnar 78. mál frá allsherjar og menntamálanefnd (þingmannafrumvarp)
 - Til umsagnar 186. mál frá allsherjar- og menntamálanefnd (stjórnarfrumvarp)

Eftir nokkrar umræður var niðurstaðan að senda ekki inn umsögn við framangreind frumvörp, en FFR hefur ekki sent formlegar umsagnir við sameiningar stofnana undanfarið. Hins vegar spunnust umræður um réttarstöðu forstöðumanna þegar stofnanir eru lagðar niður og þar með embætti forstöðumanna þeirra sömu stofnana. Af hálfu FFR hafa þau mál verið rædd nokkuð oft á samráðsfundum með KMR. Ákveðið var að ítreka við KMR að höfð sé hliðsjón af Stjórnendastefnu ríkisins þegar slíkar breytingar eiga sér stað og gætt sé að því að starfskraftar forstöðumanna séu nýttir eins vel og unnt er, m.a. með tilfærslum innan hins opinbera. Þá liggur fyrir að stjórnvöld hafa boðað sameiningar stofnana og hagræðingu í ríkisrekstri og hefur stjórn FFR af því tilefni lýst því yfir að skilningur sé meðal stjórnarinnar á þessari stöðu og hefur áherslan þar verið að hvert slíkt mál sé hverju sinni unnið í samvinnu við viðkomandi forstöðumenn.